

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2018

**Efni: Umsögn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingar á lögum um matvæli (nr. 93/1995) og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (nr. 66/1998), með síðari breytingum sem lagt hefur verið fram á 148. löggjafarþingi 2017-2018, 330. mál.

DÍ sendi inn umsögn um drög að þessu sama frumvarpi í ágúst síðastliðinn, sjá viðauka. Hafði félagið helst áhyggjur af því að breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr yrðu á skjön við þá vinnu sem þegar var hafin í endurskoðun þeirra laga.

1. Ekki eru lagðar fram neinar breytingar á I. kafla frumvarpsins, Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.
2. Lögð er til ein breyting á II. kafla frumvarpsins, 4. gr., varðandi b. lið sem lagt er til að hljóði svo:
  - b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, sem verður 1. másl., svohljóðandi:

Matvælastofnun starfrækir umdæmisstofur sem sinna eftirlitsstörfum og skal ráðherra setja reglugerð um fjölda umdæma og mörk milli þeirra. Forstjóri

ákveður staðsetningu umdæmisstofa og ræður héraðsdýralækni sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum.

Greinargerð:

Breytingin er í samræmi við ákvæði 3. málsgreinar 3. greinar í frumvarpi til laga um Matvælastofnun, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi – 331. mál.

Þessi málsgrein hljóðar svo:

Matvælastofnun starfrækir umdæmisstofur sem sinna eftirlitsstörfum og ákveður ráðherra fjölda umdæma og mörk milli þeirra. Forstjóri ákveður staðsetningu umdæmisstofa og ræður dýralækni sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum.

Nauðsynlegt er að það sé skýrt tekið fram í breytingu á lögum um dýralækna nr. 66/1998 að það sé héraðsdýralæknir sem veiti hverri umdæmisstofu forstöðu.

Nauðsynlegt er talið að skylda ráðherra til að setja reglugerð um fjölda umdæmisstofa, sem komi þá í stað sambærilegra ákvæða í 11. gr. núgildandi laga um dýralækna nr. 66/1998. Þetta atriði er í fullu samræmi við tillögu Starfshóps í skýrslu um endurskoðun löggjafar um dýrasjúkdóma og dýralækna, sem afhent var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í október 2017. Í þeirri skýrslu er lagt til í lið 5a. um Matvælastofnun að ráðherra skuli setja reglugerð um skipan umdæma héraðsdýralækna.

Ennfremur er það talið eðlilegt að það verði samræmi hvað þetta atriði varðar í lögum um dýralækna og Matvælastofnun.

Dí fellst að öðru leyti á þær breytingar sem gerðar hafa verið í frumvarpi því sem nú hefur verið lagt fram, en leggur eftir sem áður áherslu á að heildarendurskoðun laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr muni taka til greina þörfina fyrir sérmenntaða dýralækna í rannsóknum, áhættumati og ráðgjöf. Tilfinnanlegur skortur á dýraheilbrigðisstofnun þar sem slíkri vinnu

er sinnt birtist ekki síst í því að yfirvöld hafa ekki upplýsingar til að gera ítarlegt áhættumat varðandi dýrasjúkdóma.

Ekki er nóg að skilgreina slíka stofnun, heldur þarf að manna hana starfsfólki sem sinnt gæti upplýsingagjöf og ráðgjöf við bændur, ráðunauta og aðra aðila í landbúnaði. Uppfylling krafna erlendra kaupenda að íslenskum landbúnaðarvörum og landvinningar á nýjum mörkuðum velta á því að öflug ráðgjafar- og rannsóknastofnun í dýraheilbrigðisvísindum sé rekin hér á landi með fjárveitingu frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands



Charlotta Oddsdóttir, formaður